

Fagráð um velferð dýra

Skipulag

Fundarboðandi: Agnes Helga Martin

Fundarstaður: Staðfundur Selfossi

Fundarstjóri: Þóra J. Jónasdóttir

Dagsetning: 17. mars 2026

Fundarritari: Agnes Helga Martin

Fundartími: 13:00 – 15:00

Þátttakendur: Þóra J. Jónasdóttir (yfirdýralæknir og formaður fagráðs), Hinrik Ragnar Helgason (f.h. DÍ), Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, (f.h. Bændasamtaka Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnun HÍ).

Starfsmaður MAST: Agnes Helga Martin (sérgreinadýralæknir gæludýra og dýra sem notuð eru í vísindaskyni).

Á Teams: Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsamband Íslands).

Dagskrá

1. Ályktun Fagráðs um velferð dýra vegna slysaþættu á sauðfé á þjóðvegum.

Í janúar 2023 samþykkti fagráð um velferð dýra bókun um dýr á þjóðvegum.

Fagráðið lagði til í bókuninni að MAST, sem umsjónaraðili dýravelferðarmála á Íslandi, tæki forystu í að kalla saman þá aðila á landinu sem hafa með þessi mál að gera. Í framhaldinu yrði stofnaður stýrihópur sem kæmi fram með tillögur til stjórnvalda um mögulegar úrbætur.

Frá því að fagráð um velferð dýra samþykkti bókun sína hefur ekkert verið gert með þessar tillögur. Fagráðið hefur á fundum sínum fjallað um slysaþættu á búfé við þjóðvegi, leitað upplýsinga um umfang vandans og gert samburð á landsvæðum og vegarköflum. Fram hefur komið að ekki er um mikla aukningu ákeyrslna að ræða á vegum landsins þrátt fyrir aukningu umferðar á undanförunum árum. En á sama tíma hefur fé fækkað í landinu. Vandamálið er þó augljóslega til staðar um allt land og er það talsvert meira á sumum vegarköflum heldur en öðrum. Því ber að fagna að sum sveitarfélög hafa gripið til aðgerða sem hafa skilað árangri.

Það er álit fagráðs um velferð dýra um sé að ræða mikilvægt dýravelferðarmál sem verði að taka á. Nýjar upplýsingar vörpuðu ljósi á að tíðni ákeyrslna er mun hærri á einstaka svæðum en öðrum og að frekari rannsókna er þörf á hvaða aðstæður á þeim stöðum eru að valda. Við slys getur reynst erfitt að fá hæft fólk til að meta og mögulega aflífa dýr þegar aðstæður kalla á slíkt.

Fagráð um velferð dýra ályktar að hér verði stjórnvöld að grípa inn í og óskar eftir að Matvælastofnun hafi forgöngu um að málinu sé sinnt. Ólíkar tölur milli landsvæða gefa von um að sums staðar hafi fundist lausnir sem gætu orðið öðrum svæðum að fyrirmynd. Það er álit fagráðsins að mikilvægt sé að leitað sé allra leiða til að tryggja velferð búfjár við þjóðvegi landsins.

Ályktun kláruð 17.03.2026 kl 14.00

Katrín Andrésdóttir var kvödd og henni þakkað fyrir störf sín í fagráðinu.

2. Umsóknir um leyfi til dýratilrauna

a) Titill umsóknar: „Sannreying og þróun á aðferð til blóðvökvatöku úr íslenskum hrossum“

Afgreiðslu málsins var frestað. Enn er óljóst hvaða spurningum umsækjandi á eftir að svara áður en unnt er að taka endanlega afstöðu.

- b) Titill umsóknar:** „Movement, Habitat Use, and Survival of Murta in Þingvallavatn: Acoustic Telemetry Study“ (Hafrannsóknarstofnun)

Tilgangur: Rannsaka hreyfimyndur bleikju (murta) í Þingvallavatni, búsvæðanotkun eftir árstíðum, dánartíðni og mögulegir afránsvalda ásamt áhrif umhverfispáttá á hegðun fiska. Rannsóknin notast við hljóðrænar fjarmælingar (acoustic telemetry) til að fylgjast með einstaklingum yfir tíma.

Fyrir fundinn lá mat Agnesar Helgu Martin sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagrað veitir jákvæða umsögn með fyrirvara um nánari upplýsingar um merkingar og búnað sem nota á.

- c) Titill umsóknar:** „Almennt leyfi til lyfjahvarfarannsóknar (endurnýjun, tilvísun: 2107469)“

Tilgangur: ArcticLAS er fyrirtæki sem sérhæfir sig í þjónusturannsóknum á sviði dýratilrauna. Markhópurinn eru lyfjafyrirtæki, háskólastofnanir og einkafyrirtæki sem hafa þörf á þessháttar þjónustu. Lyfjahvarfa rannsóknir eru ein af grunnrannsóknunum lyfjapróunar. Þessháttar tilraunir eru með fyrstu skrefunum sem nýir lyfjakandidatar þurfa að fara í gegnum til þess að geta haldið áfram í lyfjapróun. Það er því nauðsynlegt fyrir ArcticLAS að hafa almennt leyfi til þess að geta boðið ólíkum viðskiptavinum uppá þessháttar rannsóknir á nýjum lyfjakandidötum.

Fyrir fundinn lá mat Agnesar Helgu Martin sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagrað veitir jákvæða umsögn en gerir athugasemdir varðandi að umsóknin er of opin og ekki bundin við tiltekin lyf, athugasemdir gerðar varðandi fjölda dýra og útfærslu á „refinement“. Útfærsla aðferða þarfnast endurskoðunar, ss við blóðtöku, m.a. úrehtar leiðbeiningar fylgdu gögnum. Óskað var eftir nánari útskýringum og uppfærslu á fylgigögnum umsóknar með tilliti til alþjóðlegra leiðbeininga um framkvæmd og velferð dýra við rannsóknir.

3. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundargerð verður send fundarmönnum til yfirlstrar. Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 28. apríl kl. 13:00, með fyrirvara um staðfestingu fundarmanna.